



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnr: *218020019*
Skjalasafn Ráðhúss
26. feb. 2018
Bréfalykill: *0220*

Reykjavík, 21. febrúar 2018
USK2018020010
5.2

UMSÖGN

Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Þorsteinn R. Hermannsson

Kostnaður við þrengingu gatna, hjólreiðastíga og forgangsakreina Strætó - umsögn vegna fyrirspurnar Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur - R18020049

Á fundi borgarstjórnar þann 6. febrúar 2018 var lögð fram fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um sundurliðaðan heildarkostnað sem Reykjavíkurborg hefur lagt í vegna þrengingu gatna, hjólreiðastíga og forgangsakreina Strætó innan Reykjavíkur, annars vegar á yfirstandandi kjörtímabili og hins vegar á árunum 2010-2014. Fyrirspurnin var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

Umsögn

Kostnaðartölur voru fengnar úr bókhaldskerfi borgarinnar (Agresso). Sjá yfirlit hér að neðan, skipt eftir a) þrengingu gatna b) hjólreiðastígum og c) forgangsakreinum Strætó.

a) Þrenging gatna

Hér skilgreinist þrenging gatna sem fækkun akreina. Frá árinu 2010 hafa götur verið þrengdar á Grensásvegi sunnan Miklubrautar, Álfheimum sunnan Gnoðarvogs, Snorrabraut og Hofsvallagötu við gatnamót að Hringbraut.

Árið 2012:

- Álfheimar sunnan Gnoðarvogs: Akreinum var fækkað úr fjórum í tvær og aðgengi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur bætt með gangbrautum og hjólastígum yfir Gnoðarvog. Kostnaðurinn við framkvæmdina var um **5 m.kr.**

Árið 2013:

- Snorrabraut: Gönguleiðir bættar með þrengingum við gangbrautir og fækkun beygjuakreina. Kostnaður var um **4 m.kr.**
- Hofsvallagata, við gatnamót Hringbrautar: Tvær beygjuakreinar voru sameinaðar í eina til að skapa rými fyrir hjólastíg, smávægileg þrenging rétt við gatnamótin. Kostnaður metinn um **4 m.kr.**

Árið 2016:

- Grensásvegur sunnan Miklubrautar: Akreinum var fækkað úr fjórum í tvær og hjólastígar lagðir beggja megin götunnar. Ekki er mögulegt að aðskilja kostnað við þrengingu götunnar frá kostnaði við hjólreiðastígana, þar sem það er í raun sama

framkvæmdin. Heildarkostnaður við framkvæmdina, þ.e. undirbúningur, hönnun og framkvæmd alls verksins, var um **213 m.kr.**

b) Hjólreiðastígar - undirbúningur, hönnun og framkvæmd. Í mörgum tilfellum er um að ræða bæði göngu- og hjólastíga þar sem lagning stíganna er oft ein og sama framkvæmdin. Í bókhaldskerfi borgarinnar eru göngu- og hjólastígar því færðir undir sama kostnaðarliðinn.

Árin 2010-2014: Um **1.260 m.kr.**

Helstu verkefni:

- Nauthólsvík frá Kringlumýrarbraut út fyrir flugvallarenda
- Fossvogsstígur (annar og þriðji hluti)
- Nauthólsvík frá flugvallarenda að Skeljanesi
- Laugavegur/Suðurlandsbraut frá Katrínartúni að Engjavegi
- Frá Langholtsvegi um Súðarvog og Naustavog að Elliðaárósum
- Vesturlandsvegur frá Höllum að Mosfellsbæ
- Vesturlandsvegur við Keldur
- Vesturlandsvegur, Stórhöfði að Víkurvegi
- Reynisvatnsvegur frá Lambhagavegi að Vesturlandsvegi
- Biskupsgata frá Gvendargeisla að Haukdælabraut
- Hlemmur, Engjateigur
- Reykjavegur, undirgöng og stígar
- Reykjavegur, Elliðaárósar
- Höfðatún, Engjateigur
- Fossvogsdalur, Blesugróf
- Fossvogsstígur við skógræktarsvæði
- Göngu- og hjólreiðastígur meðfram Úlfarfellsvegi, hönnun
- Suður Mjódd – Kópavogur
- Grensásvegur sunnan Miklubrautar, hönnun
- Borgartún, hönnun
- Selhryggur, stígar
- Hofsvallagata
- Öskjuhlíð við HR, hönnun
- Faxagata við Kringlumýrarbraut, hönnun
- Hagamelur, hjólastígur með endurnýjun gönguleiða
- Kringlumýrarbraut, hönnun
- Gullinbrú Sævarhöfði, göngu- og hjólastígur endurbætur

Árin 2015-2018: Um **960 m.kr.** (Hluti verkefna að neðan er enn á undirbúnings- og hönnunarstigi)

Helstu verkefni:

- Borgartún
- Göngu- og hjólreiðastígur meðfram Úlfarfellsvegi
- Faxagata við Kringlumýrarbraut
- Öskjuhlíð við HR
- Kringlumýrarbraut, Laugavegur, Miklubraut
- Bústaðavegur, Háaleitisbraut, Hörgsland
- Bústaðavegur, Hörgsland, Stjörnugróf
- Háaleitisbraut, Brekkugerði, Miklubraut

- Elliðaárdalur við rafstöð, göngubrýr og stígar
- Rafstöðvarvegur
- Stekkjarbakki
- Grensásvegur sunnan Miklubrautar
- Sæbraut, Kringlumýrabraut, Laugarnesvegur
- Suðurlandsbraut, Engjavegur, Langholtsvegur
- Kringlumýrabraut, Suðurhlíðar – Kópavogur
- Birkimelur, Hagatorg, Hringbraut
- Kalkofnsvegur
- Elliðaárdalur, Reykjanesbraut, Höfðabakki
- Kringlumýrabraut, Miklabraut, Bústaðavegur


c) Forgangsakreinar Strætó - undirbúningur, hönnun og framkvæmd.

Árin 2010-2014: Um **64 m.kr.** (hlutur Reykjavíkurborgar)

- Kringlumýrabraut við Borgartún (samstarfsverkefni með Vegagerðinni).
- Suðurlandsbraut við Kringlumýrabraut
- Laugavegur við Katrínartún
- Miklabraut til vesturs, forgangsakrein lengd austur fyrir Skeiðarvog (samstarfsverkefni með Vegagerðinni).

Árin 2015-2018: Um **342 m.kr.** (hlutur Reykjavíkurborgar)

- Bústaðavegur við Grensásveg
- Miklabraut við Klambratún (hluti af stærri framkvæmd með stígum og hljóðvörnum. Samstarfsverkefni með Vegagerðinni.)
- Miklabraut við Rauðagerði (hluti af stærri framkvæmd með stígum og hljóðvörnum. Samstarfsverkefni með Vegagerðinni.)



Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri